



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum

Reykjavík, 7. apríl 2025

SFS25040051

TILLAGA

Tillaga áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um kynningu á námskeiðum fyrir starfsfólk eldhúsa

Áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna óskar eftir því að ráðið fái kynningu þeim á fræðslu- og öryggisnámskeiðum um rétta meðhöndlun og öryggi matvæla sem borgarstjórn samþykkti á fundi 18.3.2025 að gerð yrði krafa um fyrir starfsfólk í eldhúsum í leik- og grunnskólum borgarinnar og sjálfstætt starfandi skólum sem borgin hefur samning við. Í tillögunni er einungis talað um fólk sem ráðið er inn, eru sambærileg námskeið fyrirhuguð fyrir starfsfólk sem þegar starfar í eldhúsum borgarinnar? Sérstaklega væri gott að fá ávarpað hvernig þetta verður frábrugðið námskeiði sem haldið var sem hluti af græna planinu 2022 sjá <https://reykjavik.is/græna-planid/thjalfun-matrada> og hvernig verður tryggt að þátttaka verði betri en þá.



Reykjavík